

FRUMVARP AÐ FJÁRHAGSÁÆTLUN GARÐABÆJAR ÁRIÐ 2019

1. Inngangur

Frumvarp að fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2019 er nú lagt fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn Garðabæjar 1. nóvember 2018 í samræmi við samþykkt ferli við afgreiðslu fjárhagsáætlunar. Áætlunin var lögð fram í bæjarráði 30. október 2018 og vísað til fyrri umræðu í bæjarstjórn samkvæmt 3. mgr. 62. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. einnig 2. mgr. 40. gr. um stjórn Garðabæjar nr. 773/2013.

Gert er ráð fyrir að síðari umræða og afgreiðsla áætlunarinnar verði í bæjarstjórn Garðabæjar þann 6. desember 2018. Samhliða áætlun næsta árs er jafnframt lögð fram þriggja ára áætlun Garðabæjar fyrir árin 2020, 2021 og 2022.

Samkvæmt framlagðri fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að rekstrarafgangur A hluta bæjarsjóðs verði um 142 mkr. og A og B hluta um 584 mkr. Veltufé frá rekstri er áætlað 1.411 mkr. hjá A hluta og 1.984 mkr. í A og B hluta. Framlegð er áætluð 15% en er 14% samkvæmt áætlun 2018.

Fjárhagsstaða Garðabæjar er sterk, skuldir eru hóflegar og langt undir viðmiðunarmörkum samkvæmt 2. tl. 2. mgr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga en þar er mælt fyrir um að skuldir meggi ekki vera hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Skuldahlutfall var 84,8% samkvæmt ársreikningi Garðabæjar árið 2017, en er áætlað 97,4% í árslok 2018. Í áætlun sem nú er lögð fram er skuldahlutfall í árslok 2019 áætlað 94,7%. Skuldaviðmið í árslok 2019 er áætlað 80,5% en var áætlað í árslok 2018 82%

Framkvæmdir árið 2019 eru áætlaðar 2.340 mkr en voru áætlaðar 2018 2.510 mkr.

Kjarasamningar við öll stéttarfélag eru lausir á árinu 2019 og mikil óvissa ríkir um hver niðurstaða kjaraviðræðna verður á næsta ári. Til að mæta m.a. hugsanlegum hækkunum vegna nýrra kjarasamninga á næsta ári er gert ráð fyrir varasjóði í framlagðri fjárhagsáætlun að fjárhæð 300 mkr. Jafnframt er bent á að sveitarfélögin fá herra útsvar þegar launin hækka sem sem á að vega upp aukinn launakostnað enda séu kjarasamningshækkanir starfsmanna sveitarfélaganna í takt við almenna markaðinn. Á grundvelli stöðuleikasáttmála frá 25. júní 2009 var gengið frá lagasetningu á Alþingi í desember 2016 og lögum breytt til gera lífeyriskerfin sjálfbær þannig að hver kynslóð standi undir eigin réttindum, bæta flæði milli almenna vinnumarkaðarins og hins opinbera og jafna halla á tryggingafræðilegri stöðu opinberu lífeyrissjóðanna. Gengið var frá uppgjöri Garðabæjar við Brú lífeyrissjóð á árinu 2018 og var tekið lán til að ganga frá uppgjörinu.

Í byrjun næsta árs verða liðin sjö ár frá því sameining sveitarfélaganna Garðabæjar og Álftanes gekk í garð. Jöfnunarsjóðsframlög vegna sameiningarinnar voru að fullu greidd í árslok 2017.

Hófleg íbúafjölgun hefur verið síðustu ár í Garðabæ og samhliða hafa fylgt auknar skatttekjur. Íbúafjölgunin hefur verið nokkuð stöðug á bilinu 1,5 – 3% og langt yfir landsmeðaltali. Á sama tíma hafa stofnanir bæjarins getað fylgt eftir fjölguninni og veitt góða þjónustu. Í frumvarpi að fjárhagsáætlun fyrir árin 2019-2022 er tekið tillit til mikillar uppbyggingar sem sést m.a. í framlögum til Urriðaholtsskóla, þar sem starfræktur er leik- og grunnskóli ásamt tómstundaheimili.

Markmið forsendna fjárhagsáætlunar hafa náðst að mestu leyti. Á milli umræðna verður farið nánar yfir einstaka óskir um fjárveitingar samhliða því sem leitað verður eftir tillögum til hagræðingar í rekstri og ábendingar íbúa rýndar.

Helstu forsendur fjárhagsáætlunar Garðabæjar fyrir árið 2019 eru:

Að álagningarhlutfall útsvars verði óbreytt eða 13,7 %.

Að álagningarhlutfall fasteignaskatta verði skoðað milli umræðna með lækkun í huga.

Að rekstrarniðurstaða A hluta verði jákvæð um a.m.k. 300 mkr. Því markmiði hefur ekki verið náð.

Að gjaldskrár hækki um 4% sem er áætluð verðlagsbreyting á árinu 2019. Á milli umræðna verður metið hvort svigrúm er til lækkunar.

Að reglur vegna lækkunar á fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega tryggi að tekjulágir eldri borgarar njóti afsláttar af fasteignaskatti og holræsagjöldum.

Að öll 12 mánaða börn fái leikskólavist.

Að framkvæmt verði fyrir um 7.866 mkr. á árunum 2019 – 2022 þar af 2.340 mkr. árið 2019.

Að starfsemi á bæjarskrifstofu verði styrkt með stöðugildi persónuverndarfulltrúa, stöðugildi á tæknideild og á fjölskyldusviði var ráðinn sérfræðingur til að efla þjónustu við fatlað fólk.

Að veltufé frá rekstri verði milli 12% til 15%.

Að áfram verði gætt aðhalds í rekstri og að ávallt verði leitast við að ná sem hagkvæmustum innkaupum.

Að Garðabær verði áfram fyrirmyndarsveitarfélag hvað verðar fjármál og rekstur.

Að bæjarbúum sé gefinn kostur á að koma með ábendingar og athugasemdir við fjárhagsáætlun og fjármagni veitt á framkvæmdayfirliti til að bregðast við ábendingum.

Að þjónusta við bæjarbúa verði eins og best verður á kosið.


2. Skatttekjur

Útsvar Áætlaðar útsvarstekjur eru 10.415 mkr. og hækka um 7% miðað við fjárhagsáætlun ársins 2018 með viðauka. Við gerð áætlunarinnar er byggt á útgönguspá 2018 og tekið tillit til launaþróunar og íbúafjölgunar.


Fasteignagjöld Gert er ráð fyrir óbreyttu álagningarhlutfalli fasteignagjalda en á milli umræðna verður skoðað hvort svigrúm er til lækkunar.

Jöfnunarsjóður Gert er ráð fyrir að framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga nemi um 1.094 mkr. á árinu 2019 en framlagið var áætlað 1.054 mkr. árið 2018. Við framlagningu áætlunarinnar liggur tillaga sjóðsins ekki að fullu fyrir og verða fjárhæðir einstakra tegunda uppfærðar fyrir síðari umræðu í samræmi við endanlega tillögu. Aukaframlög Jöfnunarsjóðs vegna sameiningar Garðabæjar og Álftaness féllu niður frá og með árinu 2017.

Skipting tekna 2019



Skipting málaflokka sem hlutfall skatttekna 2019



3. Rekstur málaflokka

3.1. Almenn útgjöld

Launakostnaður

Launakostnaður nemur samtals 7.190 mkr. árið 2019 í A hluta sem er 5,3% hækkun frá fyrra ári eða sem nemur 367 mkr. Í A og B hluta er gert ráð fyrir að launakostnaður verði 7.226 mkr. og hækkar um 368 mkr. milli ára.

Í áætluninni er tekið tillit til launahækkana samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamninga en eins og áður hefur komið fram eru allir kjarasamningar lausir á næsta ári og því mikil óvissa um launapróun á árinu 2019. Gert er ráð fyrir 300 mkr. varasjóði til að mæta hækkun launa.

Rekstrarkostnaður


Annar rekstrarkostnaður A hluta er áætlaður 5.987 mkr. og hækkar um 9,3% milli ára. Sem hlutfall af tekjum hækkar annar rekstrarkostnaður úr 37,7% af tekjum á árinu 2018 í 40,1% af tekjum á árinu 2019. Í áætluninni er gert ráð fyrir fjárveitingu að fjárhæð 372 mkr. til rekstrar Urriðaholtsskóla sem er hækkun um 218 mkr frá árinu 2018. Til viðhalds fasteigna er ráðgert að verja um 280 mkr. samanborið við 255 mkr. á árinu 2018 sem er um 10% hækkun.


Hér á eftir er gerð grein fyrir rekstri einstakra málaflokka og helstu stærðum. Í samanburði við fyrra ár er miðað við upphaflega áætlun 2018 með viðaukum sem samþykktir hafa verið í bæjarstjórn.

3.2. Félagsþjónusta

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að heildarútgjöld til fjölskyldusviðs verði 1.795 mkr. og hækki um 10% eða um 161 mkr. á milli árunna 2018 og 2019. Kostnaður vegna málaflokks fatlaðs fólks hækkar um 126 mkr. eða 14,6% vegna aukinnar þjónustu við mikið fatlaða einstaklinga sem njóta þjónustu allan sólarhringinn. Hjúkrunarheimilið Ísafold er nú ekki lengur rekið af Garðabæ en Hrafnista annast reksturinn samkvæmt samningi sem gerður var í ársbyrjun 2017. Verkefni fjölskyldusviðs hafa vaxið mikið undanfarin ár m.a. með yfirtöku sveitarfélaga á málafokki fatlaðs fólks. Mikil hækkun hefur orðið ár frá ári í heimaþjónustu fyrir aldraða og nemur hækkun milli árunna 2018 og 2019 nú 13 mkr. eða 9%. Til að styrkja starf fjölskylduviðs var á árinu 2018 ákveðið að bæta við stöðugildi sérfræðings til að efla þjónustu við fatlað fólk.

Skipting útgjaldaliða félagsþjónustu 2019






3.3. Fræðslumál

Til fræðslu- og uppeldismála er gert ráð fyrir að verja um 7.318 mkr. á árinu 2019 sem er um 8% hækkun á milli ára eða um 563 mkr.


Skólaskrifstofa

Kostnaður vegna skólaskrifstofu hækkar um 8 mkr. Á skólaskrifstofu er gert ráð fyrir 5 mkr. vegna samstarfs við Klifið til að efla fræðslustarf fyrir skólasamfélagið og fullorðinsfræðslu. Gert er ráð fyrir 25 mkr. til þróunarverkefna í grunnskólum og 8 mkr. til þróunarverkefna í leikskólum og til skoðunar er að hækka framlögin í takt við þróun launavísitölu. Fjárveiting til að mæta langtímaforföllum í skólum er áætluð óbreytt eða 20 mkr.

Skipting kostnaðar vegna fræðsluviðs 2019



Þús.kr. **FRÆÐSLU- OG UPPELDISMÁL - skipting útgjaldaliða 2019**



Leikskólar

Til reksturs leikskólamála er áætlað að verja um 2.365 mkr. sem er um 8,1% hækkun milli ára. Á undanförunum árum hefur verið lögð áhersla á að bjóða öllum börnum 12 mánaða og eldri leikskóladvöl sem hefur haft þau áhrif að fjárveitingar til leikskólamála hafa hækkað en niðurgreiðslur til dagforeldra eru svipaðar því sem verið hefur undanfarin ár.

Í Urriðaholtsskóla sem hóf starfsemi á árinu 2018 eru nú starfandi fjórar leikskóladeildir með um 63 börn.

Fjöldi barna í leikskólum Garðabæjar þann 1. október 2018 var 992 þar af eru um 400 börn í sjálfstætt starfandi leikskólum.

Heildarfjöldi stöðugilda í leikskólum eru 184,5 og starfsmenn eru 234.

Leikskólar Garðabæjar hafa góðan aðgang að sérfræðipjónustu fyrir börn sem þurfa stuðning.

Opnunartími leikskóla verður óbreyttur en leikskólar Garðabæjar er opnir alla sumarmánuði og er Garðabær eina sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu sem býður slíka þjónustu. Með rekstri ungubarnaskóla er komið til móts við foreldra yngstu barnanna með því að foreldrar geta valið milli leikskóla og dagforeldra og hefur sú breyting mælst sérstaklega vel fyrir hjá foreldrum.

Fjöldi leikskólabarna í Garðabæ síðustu 5 árin hafa verið:

2014-2015 980 börn

2015-2016 922 börn

2016-2017 890 börn


2017-2018 896 börn

2018-2019 992 börn


Sjálfstætt starfandi leikskólar

Sjálfstætt starfandi leikskólar eru reknir samkvæmt samningum við Garðabæ þar sem kveðið er á um að skólastarf sé í samræmi við lög um leikskóla og að Garðabær annist eftirlit með starfseminni. Launabáttur samninganna fylgir breytingum samkvæmt kjarasamningum en annar rekstrarkostnaður er verðbættur.


Skipting kostnaðar milli mismunandi rekstrarforma á leikskólastigi 2019



Einkareknir leikskólar 2019



Bæjarreknir leikskólar 2019



Grunnskólar

Áætlað er að verja um 4.363 mkr. til starfsemi grunnskólanna á árinu 2019. Um er að ræða hækkun milli ára að fjárhæð 374 mkr. eða 9%. Rekstrarfé grunnskóla er reiknað samkvæmt skólavísi og er fjöldi nemenda 1. október 2018 lagður til grundvallar. Í heildina fækkaði grunnskólanemendum í Garðabæ um 17 milli vor- og haustanna 2017 en þó varð fjölgun í grunnskólum sem reknir eru af Garðabæ þar sem nemendum í sjálfstætt starfandi skólum fækkaði. Haustið 2016 var miðstig Barnaskóla Hjallastefnunnar lagt niður með þeim áhrifum að nemendum í 5.–7. bekk í öðrum skólum Garðabæjar fjölgaði og var fjölgunin mest í Flataskóla. Urriðaholtsskóli tók til starfa haustið 2018 og voru nemendur 22 haustið 2018.

Tekið hefur verið tillit til óska stjórnenda allra grunnskólanna um aukið fjármagn til viðhalds húsnæðis skólanna. Í eignasjóði er fjárveiting að fjárhæð 101 mkr. til viðhalds húsnæðis grunnskólanna en í áætlun 2018 nam sú fjárhæð 94 mkr. Þá er á framkvæmdayfirliti fjárveiting að fjárhæð 620 mkr til nýbygginga við Álftanesskóla og 100 mkr. til endurbóta á húsnæði Kirkjubólis auk þess sem áætlað er að verja 100 mkr. til endurbóta á skólalóðum. Auk þess sem framkvæmdum við byggingu Urriðaholtsskóla verður framhaldið.

Heilarfjöldi grunnskólabarna hefur verið eftirfarandi í Garðabæ frá 2013:


2014 – 2015	2.176 börn	fjölgun frá fyrra ári 92 börn
2015 – 2016	2.316 börn	fjölgun frá fyrra 140 börn
2016 - 2017	2.446 börn	fjölgun frá fyrra ári 130 börn
2017 - 2018	2.429 börn	fækkun frá fyrra ári 17 börn
2018 – 2019	2.437 börn	fjölgun um 8 börn

Fjölgun grunnskólabarna á síðustu 5 árum er 261 barn

Samanburður nemendafjölda í grunnskólum Garðabæjar milli skólaára

	2017-2018	2018-2019	breyting
Flataskóli	501	474	-27
Garðaskóli	527	535	8
Hofsstaðaskóli	552	578	26
Sjálalandskóli	276	279	3
Álftanessóli	411	400	-11
Urriðaholtsskóli	0	22	

Skipting kostnaðar vegna grunnskólareksturs 2019



Tómstundaheimili grunnskóla

Kostnaður við starfsemi tómstundaheimilanna er áætlaður 62 mkr. Auk þess sem Garðabær greiðir 13,5 mkr. til annarra sveitarfélaga vegna vistunar barna á tómstundaheimilum sérskóla. Kostnaður tómstundaheimilanna er fyrst og fremst launakostnaður og ræðst fjöldi starfsmanna af fjölda barna. Aukinn launakostnaður er því tilkominn vegna fjölgunar barna. Sú breyting var gerð á síðasta skólaári að skólarnir sjá nú um síðdegishressingu fyrir börnin sem áður var keypt af Skólamat og er almenn ánægja með þá breytingu.

Tónlistarskóli

Fjárveiting til Tónlistarskóla Garðabæjar nemur 267 mkr. sem er lítilsháttar breyting frá fyrra ári. Nemendafjöldi er áætlaður svipaður og verið hefur. Tónlistarskóli Garðabæjar bauð upp á Suzuki nám í fyrsta skipti frá og með skólaárinu 2012 – 2013 og hefur sú nýbreytni mælst vel fyrir. Tónlistarskólinn hefur í vaxandi mæli nýtt húsnæði grunnskólanna til kennslu nemenda, sem er til mikilla þæginda fyrir nemendur, en starfsstöðvar skólans eru þó einkum í eigin húsnæði við Kirkjulund og húsnæði sem skólinn hefur til afnota í Álftanesskóla.

Námsvistargjöld

Í gildi er samkomulag milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um greiðslu námsvistargjalda í grunnskólum og leikskólum. Gert er ráð fyrir að námsvistargjöld umfram innheimt gjöld til Garðabæjar nemi um 146 mkr. vegna leik- og grunnskóla en er áætlað 140 mkr. árið 2018. Greidd námsvistargjöld eru einkum vegna barna í sérskólum í Reykjavík. Að auki er áætlað að framlag Garðabæjar vegna tónlistarnáms barna í öðrum sveitarfélögum verði 15 mkr. á árinu 2019.

Einkareknir grunnskólar

Framlag til einkarekinna grunnskóla er lögbundið og er skólunum greitt samkvæmt gildandi samningum. Gert er ráð að verja 196 mkr. einkarekinna skóla árið 2019 sem er lækkun um 15 mkr. frá áætlun 2018.


3.4. Menningarmál


Fjárveiting til menningarmála er 224 mkr. árið 2019 en var 222 mkr. á árinu 2018.

Framlög til bókasafns Garðabæjar nema 95 mkr. og hækka um 7% milli ára. Rekstrarkostnaður Hönnunarsafns Íslands er áætlaður 64,5 mkr. og hækkar um 5%. Framlag ríkisins til safnsins er áætlað 16,8 mkr.

Listadagar barna sem haldnir eru annað hvert ár og voru 2018 verða því ekki á árinu 2019.

Áfram er gert ráð fyrir þeim listviðburðum sem fest hafa sig í sessi í Garðabæ s.s. jazzhátíð, Jónsmessugleði á Sjálandi, sýningum á Garðatorgi og stuðningi við ýmsa menningarstarfsemi. Einnig er gert ráð fyrir rekstri Bjarnastaða á Álftanesi en húsnæðið er notað fyrir starfsemi frjálsra félaga og fyrir menningarviðburði.





3.5. Æskulýðs- og íþróttamál


Útgjöld til æskulýðs- og íþróttamála eru áætluð 1.832 mkr. og hækka útgjöld til málaflokksins um 140 mkr. frá árinu 2018 eða um 8%. Meginkostnaður við rekstur málaflokksins er starfsemi íþróttahúsanna við Ásgarð, á Álftanesi, Mýrarinnar og íþróttahúss Sjúlandsskóla. Samtals nemur rekstur þessara mannvirkja 855 mkr. og hækkar um 73 mkr. á milli ára. Sundlaugin við Ásgarð var lokuð fyrstu mánuði ársins 2018 vegna endurbóta sem hafði áhrif til lækkunar á rekstrarkostnað og því áætlun 2019 hærri sem því nemur.

Áætlað er að rekstur félagsmiðstöðvanna Garðalundar, Klakans í Sjúlandsskóla og Elítunnar á Álftanesi nemi 101,4 mkr. og hækki um 2,1 mkr. milli ára eða hækki um 2,4%.


Fjárveiting til þjónustusamninga vegna barna- og unglingsstarfs er áætlað um 31,5 mkr. Til viðhalds íþróttamannvirkja er áætlað að verja 50 mkr. Framlög til íþróttafélaga eru áætluð miðað við gildandi samninga við félögin. Framlög til styrkja vegna hvatapeninga er 128 mkr. og nema hvatapeningar fyrir hvert barn í kr. 50.000.

Gert er ráð fyrir að hefja framkvæmdir við nýtt fjölnota íþróttahús á árinu 2019 og fjárveiting til framkvæmda 620 mkr.

Æskulýðs- og íþróttamál - skipting kostnaðar 2019




Þús.kr. Æskulýðs- og íþróttamál - skipting kostnaðar 2019



3.6. Brunamál og almannavarnir

Heildarútgjöld til brunamála og almannavarna nema samtals 119 mkr. en voru 114 mkr. árið 2017. Hækkunin nemur um 4%. Áætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins lá fyrir þegar gengið var frá framlagningu frumvarpsins. Framlag til sjóvarnargarða er 2 mkr. vegna fyrirhugaðra framkvæmda við sjóvarnir á Álftanesi.


Brunamál - skipting kostnaðar 2019



3.7. Hreinlætismál


Meginhluti útgjalda þessa málaflokks er kostnaður við sorphirðu, gjöld til Sorpu bs. og rekstur gáma- og grenndarstöðva. Sorphreinsun er greidd samkvæmt samningi við verktaka þar sem gert er ráð fyrir að sorp frá íbúðarhúsum sé hreinsað á 10 daga fresti. Kostnaður við sorphreinsun og gámastöðvar er áætlaður 153 mkr. en sorphreinsunargjöld eru áætluð 145 mkr. Til sorpeyðingar og urðunarstaða er áætlað að verja 54 mkr. sem er 5% hækkun frá fyrra ári. Í rekstraráætlun Sorpu kemur fram að magn sorps sem berst öllum starfsstöðvum Sorpu hefur aukist verulega síðustu ár og misseri. Stærstur hluti rekstrarkostnaðar Sorpu er beintengdur magni. Kostnaður vegna heilbrigðiseftirlits er áætlaður 8,9 mkr. skv. fjárhagsáætlun heilbrigðiseftirlitsins og er færður í málaflokk 03 samkvæmt nýlegum breytingu á bókhaldsreglum sveitarfélaganna. Pappírstunnur voru settar upp við hvert heimili í Garðabæ á árinu 2013 og hefur það verkefni gengið vel í alla staði hvort sem litið er til þjónustu eða kostnaðar. Frá árinu 2016 hefur verið unnið að því að koma upp grenndargámum í Garðabæ og verður því verkefni haldið áfram með 5 mkr. fjárveitingu á framkvæmdaáætlun á árinu 2019. Fullbyggðar grenndargámastöðvar eru við Suðurnesveg og Norðurnesveg á Álftanesi, við Ásgarð og í Urriðaholti. Minni stöð er við Sjálandsskóla sem verður stækkuð á árinu 2019.

Hreinlætismál - skipting kostnaðar 2019



3.8. Skipulags- og byggingarmál

Heildarframlög til skipulags- og byggingarmála nema samtals um 245 mkr. sem er hækkuð um 19 mkr. á milli ára. Gert er ráð fyrir að verja um 48,6 mkr. til deiliskipulags, aðalskipulags og svæðaskipulags samanboreð við 36 mkr. árið 2018.




3.9. Umferðar- og samgöngumál

Fjárveiting til umferðar- og samgöngumála er áætluð 1.075 mkr. árið 2019 og er um 149 mkr. hækkun að ræða eða 16%. Undir málaflokkinn fellur viðhald gatna- og göngustígakerfis bæjarins, snjómokstur og götulýsing auk fjárframlags til reksturs Strætó bs. Viðhald gatna, stíga og gangstétta er hækkað úr 64,9 mkr. í 71,3 mkr., gatnahreinsun hækkar um 2,3 mkr. og framlög til Strætó bs. hækka úr 259 mkr. í 280 mkr. eða um 8%. (auk þess nemur framlag vegna afsláttar til öryrkja og aldraðra 9,9 mkr. sem er fært á félagsþjónustu).

Endanleg áætlun frá Strætó bs. lá fyrir við gerð frumvarpsins, en rétt er að nefna að ef gerðar verða breytingar á akstri innan bæjarmarka getur skipting á rekstrarframlaginu breyst á milli eigenda. Framlag vegna námsmanna og öryrkja tekur mið af seldum fargjöldum til þessara hópa og getur því tekið einhverjum breytingum.

Til snjómoksturs og hálkueyðingar er áætlað að verja 88 mkr. og til götulýsingar er áætlað 75,8 mkr.


Umferðar- og samgöngumál - skipting kostnaðar 2019



3.10. Umhverfismál

Heildarframlag til umhverfismála er áætlað 379 mkr. en áætlun 2018 gerði ráð fyrir 358 mkr. eða hækkun um 5,8%. Hækkun málaflokksins árið 2018 var um 16% og hefur því málaflokkurinn hækkað um tæplega 22% á tveimur árum. Gert er ráð fyrir að framlag til sumarvinnu ungs fólks verði 130 mkr. á árinu 2019 og til garðyrkjudeildar er áætlað að verja 25,8 mkr.

Tækni- og umhverfissvið hefur bent á þörfina fyrir auknu fjármagni til umhverfismála vegna nýrra hverfa í bænum og er tekið tillit til þess í áætluninni. Kostnaður við slátt og hirðingu opinna svæða hækkar um 15 mkr. eða 13% og hefur með því verið tekið tillit til ábendinga sviðsins um þörf á aukinni fjárveitingu vegna nýrra hverfa og stækkun á svæðum sem þurfa umhirðu.



3.11. Sameiginlegur kostnaður


Gert er ráð fyrir að sameiginlegur kostnaður verði 962 mkr. á árinu 2019 en var 889 mkr. árið 2018. Hækkunin nemur 8%. Meginhluti kostnaðar til þessa málaflokks er vegna starfsemi bæjarskrifstofa eða 396 mkr. og hækkar um 6% á milli ára.

Áætlaður kostnaður vegna lífeyrisskuldbindingar er hækkaður úr 280 mkr. í 300 mkr., sem er 7% hækkun.

Hlutdeild bæjarins í innheimtukostnaði staðgreiðslu útsvars samkvæmt lögum er hækkuð úr 50 mkr. í 54 mkr. vegna hækkun útsvarstekna.

Kostnaður vegna tölvumála er 258 mkr. og er kostnaðurinn að fullu gjaldfærður hjá stofnunum bæjarins í hlutfalli við fjölda tölva á hverjum stað.

Sameiginlegur kostnaður - skipting kostnaðar 2019 - þús.kr.



3.12. Fjármagnsliðir – fjármunatekjur - fjármagnsgjöld

Fjármagnsgjöld eru áætluð 516 mkr. sem er 86 mkr. hækkun frá árinu 2018. Gert er ráð fyrir 4,0% verðbólgu sem um einu prósentu umfram þjóðhagsspá. Reynsla hefur sýnt að þjóðhagsspár um verðlagsþróun hafa ekki alltaf staðist.

4. Aðrir sjóðir í A-hluta

4.1. Eignasjóður

Fjárveiting til reksturs eignasjóðs er áætluð að fjárhæð 352 mkr. árið 2019. Launakostnaður er áætlaður 67 mkr. og annar rekstrarkostnaður 622 mkr., sem er viðhald, öryggisgæsla, tryggingar og fasteignagjöld stofnana Garðabæjar. Afskriftir eignasjóðs eru áætlaðar 832 mkr.

Launakostnaður umsjónarmanna fasteigna grunnskóla er færður á eignasjóð, en umsjónarmennirnir hafa umsjón með öllum fasteignum bæjarins.

Húsaleiga eignasjóðs hækkar um 383 mkr. milli árana 2018 og 2019 og eru leigugjöld millifærð á viðkomandi stofnanir. Tekjur eignasjóðs eru áætlaðar 2.931 mkr. árið 2019 en eru áætlaðar 2.548 mkr. árið 2018.

Fjárveiting til viðhalds stofnana í A og B hluta er áætluð um 280 mkr. á árinu 2019 en voru áætlaðar 255 mkr. árið 2018 og hækkar um 25 mkr. á milli ára. Tækni og umhverfissvið hefur lagt fram greinargóðar upplýsingar um viðhaldsáætlun fasteigna og viðhaldspörf næstu árin.

Fjármagnsliðir eignasjóðs eru áætlaðir 1.761 mkr. að meðtöldum innri lánum og skammtímaskuldum eignasjóðs við aðalsjóð sem reiknuð hefur verið í samráði við ábendingar endurskoðanda Garðabæjar.

Fjárhagsáætlun 2019 gerir ráð fyrir 300 mkr. varasjóði til að mæta ófyrirséðum launahækkunum vegna nýrra kjarasamninga á árinu 2019.

4.2. Þjónustumiðstöð

Gert er ráð fyrir að til reksturs þjónustumiðstöðvar verði varið um 24 mkr. sem er hækkun um 5 mkr. frá áætlun 2018. Þjónustumiðstöðin þjónustar m.a. stofnanir bæjarins og er sú vinna seld út skv. tímaskrift þar um. Til reksturs þjónustumiðstöðvarinnar telst einnig rekstur á bílum og tækjum bæjarins. Á síðustu þremur árum var gert stórátak í endurnýjun tækja þjónustumiðstöðvarinnar.

5. Sjóðir í B-hluta

5.1. Garðahús

Heildarútgjöld vegna Garðahúsa eða félagsíbúða eru áætluð 16 mkr. árið 2019 en eru 14 mkr. árið 2018. Gert er ráð fyrir fjárveitingu úr A hluta að fjárhæð 9,5 mkr. til Garðahúsa sem er gjaldfærð sem félagsleg aðstoð við leigjendur hjá fjölskyldusviði.

5.2. Samveitur

Jákvæð niðurstaða samveitna er 379 mkr. samanborið við 308 mkr. árið 2018. Álagningarhlutfall vatnsgjalds og holræsagjalda er óbreytt, en kemur til skoðunar á milli umræðna að meta svigrúm til lækkunar. Á framkvæmdayfirliti er gert ráð fyrir 70 mkr. framkvæmdum vegna veitna á árinu 2019 og 100 mkr. árin 2020-2022. Vegna þjónustu áhaldahúss/ þjónustumiðstöðvar við veitur eru nú gjaldfærðar 38 mkr.

5.3. Stikið 3 rekstur fasteignarinnar

Rekstur fasteignarinnar Strikið 3 gerir ráð fyrir að skila 79 mkr. tekjuafgangi vegna samnings við ríkið um leigu en heildartekjur nema samtals 137 m.kr. og útgjöld 58 m.kr. sem eru vaxta- og verðbótagjöld, afskriftir, fasteignagjöld og viðhald fasteignarinnar.

Hjúkrunarheimilið Ísafold er ekki lengur B- hluta stofnun þar sem reksturinn er á vegum Hrafnistu samkvæmt samningi þar um. Framlag Garðabæjar til Hrafnistu á árinu 2019 er áætlað 55,5 mkr.

Framkvæmdir

Á árinu 2019 er gert ráð fyrir framkvæmdum að fjárhæð 2.340 mkr. Gert er ráð fyrir heimild til lántöku að fjárhæð 1.400 mkr. sbr. sjóðsstreymisýfirlit og niðurgreiðslu lána að fjárhæð 994 mkr.

Til gatnagerðar, hljóðvistar, umferðarmála er áætlað að verja um 650 mkr., þar af er gert ráð fyrir 550 mkr. tekjum af gatnagerðargjöldum.

Til viðbyggingar við Álftanesskóla er áætlað að verja um 620 mkr.

Til Urriðaholtsskóla eru áætlaðar 400 mkr. en gert er ráð fyrir framlagi frá Urriðaholti ehf. að sömu fjárhæð.

Til endurbóta á Kirkjubóli er áætlað að verja 100 mkr.

Til endurbóta á skólalóðum er áætlað að verja 100 mkr.

Til fjölnota íþróttahúss er áætlað að verja 620 mkr. og til íþróttamannvirkja GKG 80 mkr.

Til Bæjargarðs 75 mkr. og til Garðatorgs 75 mkr.

Til bættis aðgengis fatlaðs fólks er áætlað að verja 20 mkr.

Til útilífsmiðstöðvar skáta er áætlað að verja 50 mkr.

Til búsetuúrræða fyrir fatlað fólk er áætlað að verja 100 mkr.

Til opinna leiksvæða 50 mkr.

Til strætóskýla 10 mkr. og til hjólaaðstöðu 5 m.kr.

Til grenndargáma 5 mkr. og hleðslustöðva 10 m.kr.

Til hestamannafélagsins Sóta 10 mkr.

Til ýmiss búnaðar er áætlað að verja 120 mkr.

Til samveitna er áætlað að verja 140 mkr.

Til lýðræðisverkefna 50 mkr.

6. Þriggja ára áætlun 2020-2022

Áætlun fyrir árin 2020-2022 (þriggja ára áætlun) er gerð á föstu verðlagi. Gert er ráð fyrir óbreyttu álagningarhlutfalli útsvars 13,7 %, sem er það lægsta sem þekktist meðal stærri sveitarfélaga landsins. Ekki er lagt mat á verðlagsbreytingar milli ára. Hins vegar er gert ráð fyrir hóflegri íbúafjölgun eða um 2% árin 2020 – 2022. Vegna íbúafjölgunarinnar er gert ráð fyrir að hækkun skattekna og annarra tekna á tímabilinu.

Gert er ráð fyrir um hækkun launa- og rekstrarútgjalda vegna aukinnar þjónustu samfara íbúafjölgun. Lán eru reiknuð af núverandi lánaskrá og greidd niður skv. skilmálum um afborganir. Gert er ráð fyrir lántökum að fjárhæð 1.400 mkr. árið 2019, 1.100 mkr. árin 2020, 800 mkr. árið 2021 og 700 mkr. árið 2022. Lögð er áhersla á að veita eins góða þjónustu og

kostur er og viðhalda áframhaldandi háu ánægjustigi íbúa með góðri þjónustu bæjarins á öllum sviðum.

Íbúafjöldi í Garðabæ 2014-2017

2014 14.180 íbúar

2015 14.453 íbúar

2016 14.717 íbúar

2017 15.230 íbúar

2018 15.709 íbúar

Íbúum Garðabæjar hefur fjölgað mikið frá 2014 eða um 1.529 íbúa á 5 árum.

7. Lokaorð

Fjárhagsáætlun Garðabæjar fyrir árið 2019 hefur verið unnin í samræmi við vinnuferla sem kynntir voru í bæjarráði við upphaf áætlunargerðar og í samræmi við þær forsendur sem lagt var upp með.

Sú nýbreytni var tekin upp við gerð fjárhagsáætlunar á árinu 2017 að leitað var til íbúa bæjarins um ábendingar varðandi fjárhagsáætlun á heimasíðu bæjarins. Það er mikið ánægjuefni hversu margir íbúar brugðust við og skiluðu inn ýmsum ábendingum um það sem betur má fara eða leggja skuli áherslu á. Þann 31. október 2018 höfðu borist 60 ábendingar vegna fjárhagsáætlunar 2019.

Fjárhagsáætlun 2019 gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri nemi 12,6%. Eiginfjárhlutfall er áætlað að verði 0,53, veltufjárhlutfall 0,66 og framlegð 15%. Gert er ráð fyrir að laun og launatengd gjöld nemi 45,8% af tekjum og annar rekstrarkostnaður 39,1%. Skuldir og skuldbindingar nemi samtals 14.953 mkr. og þar af langtímaskuldir við lánastofnanir 9.401 mkr. Skuldahlutfall nemur 94,7%, og verður 92,0% árið 2022. Skuldaviðmið nemur 80,5%.

Síðari umræða um fjárhagsáætlun verður 6. desember 2018, en samkvæmt sveitarstjórnarlögum skal bæjarstjórn hafa samþykkt áætlunina fyrir 15. desember ár hvert.

